

# Listfræðilegt mat á listaverkasöfnum bankanna - II. hluti

Tillögur um ráðstöfun listaverkasafns  
Nýja Kaupþings banka hf.

Eiríkur Þorláksson, menntamálaráðuneyti  
og Halldór B. Runólfsson, Listasafni Íslands.

11.9.2009

Skýrslan hefur að geyma listfræðilegt mat á listaverkasafni bankans og tillögu um ráðstöfun þess.

Tillagan er í þremur hlutum:

A. ÞJÓÐAREIGN:

I. Valin listaverk verði þjóðareign og færast til Listasafns Íslands.

B. EIGN BANKANS: Önnur listaverk í safninu verði áfram eign bankans, en:

(II.) Hluta þeirra verði þó ekki ráðstafað án samráðs við Listasafn Íslands;

(III.) ákveðin verk verði boðin öðrum menningarstofnunum að láni, tímabundið eða ótímabundið;  
önnur verk verði áfram í eigu bankanna án kvaða.

- Listar yfir ofangreinda flokka hafa verið unnir á grundvelli listfræðilegs mats og fylgja skýrslunni.

EFNISYFIRLIT:

|   |    |
|---|----|
| FORMÁLI .....   | 2  |
| LISTAVERKASAFN NÝJA KAUPÞINGS BANKA HF. ....  | 4  |
| GRUNDVÖLLUR LISTFRÆÐILEGS MATS – SKILGREININGAR .....                                     | 4  |
| A. ÞJÓÐAREIGN: .....  | 5  |
| B. EIGN BANKANS: .....  | 5  |
| VINNUFERLI .....  | 7  |
| NIÐURSTÖÐUR LISTFRÆÐILEGS MATS Á LISTAVERKAEIGN NÝJA KAUPÞINGS BANKA HF. – TILLÖGUR ..... | 8  |
| LOKAORÐ .....   | 9  |
| FYLGISKJAL NR. 1.....   | 10 |
| FYLGISKJAL NR. 2.....   | 15 |
| FYLGISKJAL NR. 3.....   | 19 |

## Formáli

Í kjölfar bankahrunsins hér á landi í byrjun október 2008 og setningar laga nr. 125/2008 þann 7. október sl. (lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.) var hafist handa af hálfu menntamálaráðuneytisins við að fá upplýsingar um listaverkasöfn gömlu bankanna, þ.e. Glitnis hf., Kaupþings hf. og Landsbanka Íslands hf. Öllum skilanefndum gömlu bankanna voru send bréf dags. 14. okt. 2008 þar sem óskað var yfirlits yfir listaverkasöfn þeirra, og jafnframt óskaði ráðuneytið þess að eiga aðild að viðræðum um stöðu safnanna. Í nóvember bárust ráðuneytinu upplýsingar um fjölda verka samkvæmt skráum bankanna, með fyrirvara um endanlegan fjölda.

Nokkur umræða hófst þegar á þessum tíma um hvað bæri að gera við þessi listaverkasöfn, samhliða umræðum um ráðstöfun eigna nýju bankanna að öðru leyti. Á Alþingi komu fram tvö mál af þessu tilefni. Annars vegar var lagt fram frumvarp til laga um listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis (flutningsmenn Kristinn H. Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir og Bjarni Harðarson: 100. mál, þingskjal nr. 107, sem var útbýtt 28. okt. 2008) og hins vegar tillaga til þingsályktunar um breytingu á eignarhaldi og varðveislu listaverka ríkisbankanna (flutningsmenn Álfheiður Ingadóttir og Kolbrún Halldórsdóttir: 102. mál, þingskjal nr. 109, sem var einnig útbýtt 28. okt. 2008).

- Í báðum var lagt til að listaverkaeign bankanna í heild sinni yrðu eign ríkisins.

Þessi tvö mál voru afgreidd samhliða á fundi Alþingis 19. febrúar 2009 og vísað til viðskiptanefndar. Í nefndaráli (þingskjal nr. 908, sem var útbýtt 3. apríl 2009) lagði viðskiptanefnd til að í stað afgreiðslu málanna tveggja kæmi sjálfstæð þingsályktunartillaga frá nefndinni um listfræðilegt mat á listaverkasöfnum bankanna (470. mál, þingskjal nr. 918, sem var útbýtt 6. apríl 2009). Í hinni nýju tillögu var *lagt til að ríkisstjórninni yrði falið að hlutast til um að fram færi listfræðilegt mat á listaverkasöfnum bankanna (Íslandsbanka hf., Nýja Kaupþings banka hf. og NBI hf.) í því skyni að undirbúa kaup á þeim listaverkum sem teljast þjóðargensermar og öðrum verkum er þýðingu kunna að hafa fyrir íslenska listasögu og gætu verið verðug viðbót við listaverkaeign Listasafns Íslands.* – Var lagt til að þessu listfræðilega mati skyldi lokið eigi síðar en 1. október 2009 og niðurstaða þess þá kynnt í ríkisstjórn.

- Í þessari tillögu var því lagt til að listaverkaeign bankanna yrði metin með það í huga að valinn hluti hennar yrði færður til Listasafns Íslands.

Ekkert ofangreindra mála var afgreitt formlega áður en fundum Alþingis var frestað 17. apríl sl.

Eignarhald á listaverkum gömlu bankanna hafði á þessum tíma þegar verið fært frá þeim til nýju bankanna samkvæmt svari Fjármálaeftirlitsins frá 3. mars. sl. við spurningu ráðuneytisins um þau mál. Jafnframt hafði endurskoðunarfyrirtæki verið fengið til þess að vinna að verðmati listaverkanna samhliða verðmati á öðrum eignum nýju bankanna. Síðar hefur komið fram (m.a. í

bréfi Nýja Kaupþings banka hf. til ráðuneytisins dags. 6. ágúst sl.) að þau listaverk bankanna sem voru í útibúum á erlendri grundu hafa verið flutt til Íslands, en verk sem voru í eigu erlendra dótturfélaga eru áfram í eigu þeirra lögaðila.

Á fundi með menntamálaráðherra þann 25. mars sl. tóku bankastjórar nýju bankanna, þ.e. Íslandsbanka hf., Nýja Kaupþings banka hf. og NBI hf., vel í málaleitan ráðherra um að vinna með ráðuneytinu og Listasafni Íslands að athugun á listaverkasöfnum bankanna með tilliti til þess hvort þar kynnu að vera listaverk sem ættu til framtíðar að komast í þjóðareign. Jafnframt voru gefin fyrirheit um að engin verk yrðu seld úr bönkunum án þess að þau yrðu áður boðin Listasafni Íslands til kaups.

Menntamálaráðherra samþykkti með áritun á minnisblað 22. apríl sl. að Listasafni Íslands yrði falið að meta listasöfn bankanna á eigin vegum, undir yfirstjórn menntamálaráðuneytis, áður en frekari ákvarðanir yrðu teknar um ráðstöfun þeirra. Jafnframt var ákveðið að fela Eiríki Þorlákssyni sérfræðingi á skrifstofu menningarmála umsjón verkefnisins af hálfu ráðuneytisins og frekari skilgreiningu þess í samráði við safnið.

Vinna við faglega úttekt á umræddum listaverkasöfnum hófst í Listasafni Íslands við undirbúning að sumarsýningu safnsins, sem opnuð var 10. júlí sl. og stendur til 18. október n.k. Við þá vinnu fékk safnið til afnota þær skrár sem menntamálaráðuneytinu höfðu borist yfir listaverkasöfn bankanna. Við endanlegt val listaverka á sýninguna voru valin 90 listaverk úr eigu bankanna, en 40 úr eigu safnsins sjálfs.

Þær skrár sem ráðuneytið hafði undir höndum reyndust ekki nægilegar til þess listfræðilega mats sem Listasafn Íslands var falið að vinna, og því var óskað eftir að skrár yfir söfnin á rafrænu formi til að auðvelda starfsfólki safnsins verkefnið. Starfsfólk bankanna brást fljótt og vel við þeim beiðnum, sem flýtti mjög fyrir verkinu.

Lögð hefur verið áhersla á að vinna við verkefni þetta færi fram í fullum trúnaði, og að menntamálaráðuneyti annaðist öll samskipti við bankana og aðra um málið þar til niðurstöður eru fengnar.

## Listaverkasafn Nýja Kaupþings banka hf.

Þau listaverkasöfn sem hér um ræðir hafa orðið til á löngum tíma og með mismunandi hætti, og endurspeгла með vissum hætti flókna sögu þeirra banka sem þau tilheyra nú.

Sá banki sem nú heitir Nýi Kaupþings banki hf. var upphaflega stofnaður 2003 þegar verðbréfafyrirtækið Kaupþing hf. (stofnað 1982) og Búnaðarbanki Íslands (stofnaður 1930) voru sameinaðir, eftir að sá síðarnefndi hafði verið seldur úr ríkiseign. Listaverkaeign bankans er að nokkru samtengd þeirri löngu sögu sem býr að baki þessum fyrirtækjum, einkum Búnaðarbanka Íslands, og hafði listaverkaeign hans orðið til með ýmsu móti á þeim 73 árum sem hann starfaði. Mörg dæmi eru um að sá banki hafi pantað verk hjá listamönnum, keypt verk á sýningum og vinnustofum, tekið við verkum að gjöf og væntnalega einnig sem greiðslum vegna skulda viðskiptavina o.s.frv. Sum verkanna í safninu tengjast sögu bankans frá 2003, fyrirrennara hans eða jafnvel sögu einstakra bygginga bankans, t.d. útibúa um allt land, en önnur eru til vitnis um viðleitni til að eignast dæmi um það besta sem var gert í íslensku listalífi á hverjum tíma. Flest verkanna hafa prýtt húsakynni bankans – höfuðstöðvarnar jafnt sem útibú – í gegnum tíðina. Loks er ljóst að listaverkaeign bankans hefur haldið áfram að stækka á þeim árum sem liðin eru frá stofnun hans 2003.

- Það listaverkasafn sem hér er lagt mat á er því með vissum hætti til vitnis um fjölbreytta sögu núverandi banka og Búnaðarbanka Íslands, fremur en að það hafi orðið til einvörðungu fyrir markvissa söfnun á öllum starfstíma hans og fyrirrennara hans.

## Grundvöllur listfræðilegs mats – skilgreiningar

Í þingsályktunartillögu viðskiptanefndar er notað hugtakið **þjóðargersemar**. Það hugtak er þó hvergi að finna í lögum, og hefur því ekki verið notað við listfræðilegt mat verkanna.

Í lögum nr. 105/2001 um flutning menningarverðmæta úr landi og skil menningarverðmæta til annarra landa er í 4. gr. heimild til handa safnaráði, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, til að koma í veg fyrir útflutning menningarminja ef þær teljast til **þjóðardýrgripa** eða hafa að öðru leyti sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu. Engin skilgreining kemur fram í greininni á því hvað þjóðardýrgripur kunni að vera, né heldur í eldri lögum sem vísað er til í greinargerð með frumvarpinu þegar það var lagt fyrir Alþingi. (Ákvæði lagagreinarinnar eru óbreytt ákvæði 52. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 60/1996.)

Í menntamálaráðuneyti hefur verið unnið að frumvarpi til nýrra laga um menningarminjar sem kæmi m.a. í stað núgildandi þjóðminjalaga nr. 107/201. Drög að frumvarpinu voru lögð fram til kynningar á síðasta vetri, en ákvörðun hefur ekki verið tekin um frekari framgang þess. Í drögum frumvarpsins er m.a. gerð tillaga um eftirfarandi skilgreiningu þjóðardýrgripa:

*Til þjóðardýrgripa teljast hvers konar munir, gripir, myndir, skjöl, handrit og bækur í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga, sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska þjóðmenningu.*

- Við vinnu sína að listfræðilegu mati á listaverkasafni bankans hefur starfsfólk Listasafns Íslands m.a. haft þessa tillögu til hliðsjónar auk annars þáttar í ofangreindri þingsályktunartillögu viðskiptanefndar Alþingis, sem lýtur að verkum er þýðingu kunna að hafa fyrir íslenska listasögu og gætu verið verðug viðbót við listaverkæign safnsins.

Í framhaldi af undirbúningi safnsins að þessu verkefni á liðnu vori var ákveðið að við listfræðilegt mat á listaverkum bankans yrði miðað við flokkun sem vísaði til þeirrar tillögu, sem gerð yrði um ráðstöfun einstakra listaverka. Varð niðurstaðan sú að vinna með eftirfarandi flokkun listaverkanna í huga:

## A. ÞJÓÐAREIGN:

- I. **Verk sem ættu að færast í þjóðareign og verða eign Listasafns Íslands.** Hér er um að ræða listaverk er geta talist svonefndir þjóðardýrgripir eða hafa mikla þýðingu fyrir íslenska listasögu, eða talið er mikilvægt að bætist við listaverkæign safnsins til að hún gefi sem besta mynd af þróun íslenskrar listasögu.

- Skilgreiningar þeirra listaverka sem hér um ræðir hafa verið dregnar saman í eftirfarandi atriði:

- A. Um er að ræða afbragðsverk frá hendi listamannsins.
- B. Listaverkið fyllir í eyðu í safneign Listasafns Íslands hvað varðar verk listamannsins eða ákveðna gerð verka hans.
- C. Gæði listaverksins eru meiri en í sambærilegu verki í safneign Listasafns Íslands.
- D. Listaverkið getur talist fágæti frá ákveðnu tímabili á ferli listamannsins eða mikilvægt í þróunarferli hans.

## B. EIGN BANKANS:

- II. **Verk sem bankinn ætti áfram en væru aðgengileg þjóðinni** á opinberum vettvangi eða á sýningum eftir því sem við verður komið. **Þessum listaverkum verði ekki ráðstafað úr eign bankans án samráðs við Listasafn Íslands.**

- Skilgreiningar þeirra listaverka sem hér um ræðir hafa verið dregnar saman í eftirfarandi atriði:

- A. Almenn gæði eru vel yfir meðallagi og listaverkið ber höfundi sínum gott vitni.
- B. Listaverkið hefur til að bera einhver eftirtalinna atriða, eitt eða fleiri, sem gætu talist einstök í meðförum listamannsins: Fyrirmynd, inntak eða listsögulegt samhengi, gerð (form), efnivið eða tækni (vinnslu).
- C. Listaverkið tengist sögu bankans með afgerandi hætti vegna myndefnis, núverandi eða fyrrverandi staðsetningar eða annarra þátta sem auka gildi þess fyrir íslenska listasögu.

- Listaverk í þessum flokki kunna einnig að falla undir einhverjar af þeim skilgreiningum sem liggja til grundvallar vali verka í I. flokk hér að ofan, en þó er ekki talin ástæða til að þau færast í þjóðareign að sinni. Hins vegar er talin ástæða til að þessi verk verði aðgengileg þjóðinni eftir því sem við verður komið, og lagt til að sett verði skilyrði um að þeim verði ekki ráðstafað úr eign bankans án samráðs við Listasafn Íslands. **Þannig verði tryggt að þessi verk geti orðið þjóðareign síðar, ef aðstæður breytast.** Mælt er með því að kostnaði vegna kaupa á listaverkum bankans sem þannig geta orðið aðkallandi síðar verði mætt með sérstökum ráðstöfunum, en takmarkist ekki af árlegri kaupgetu Listasafns Íslands, sem fyrst og fremst er ætlað að gera safninu kleift að kaupa á hverjum tíma ný verk til safnsins eða verk af almennum markaði sem fylla upp í eyður í safneigninni.

III. **Verk sem bankinn ætti áfram en gæti boðið menningarstofnunum hér á landi að láni, tímabundið eða ótímabundið,** og sýnd yrðu á vegum þeirra og í samráði við bankann. Þessum listaverkum verði ráðstafað í samráði við Listasafn Íslands, og **þeim verði ekki ráðstafað úr eign bankans án samráðs við Listasafn Íslands.**

- Skilgreiningar þeirra listaverka sem hér um ræðir hafa verið dregnar saman í eftirfarandi atriði:

- A. Almenn gæði eru vel yfir meðallagi og listaverkið ber höfundu sínum gott vitni.
- B. Listaverkið tengist sögu bankans og/eða ákveðins staðar eða landsvæðis með afgerandi hætti vegna myndefnis, núverandi eða fyrrverandi staðsetningar eða annarra þátta sem auka gildi þess fyrir viðkomandi stað og fyrir íslenska listasögu.
- C. Listaverkið hefur til að bera einhver eftirtalinna atriða, eitt eða fleiri, sem gætu talist einstök í meðförum listamannsins: Fyrirmynd, inntak eða listsögulegt samhengi, gerð (form), efnivið eða tækni (vinnslu).

- Hér eru sett í flokk verk einstakra listamanna, tímabila eða miðla, sem vert væri að yrðu hluti af stærra samhengi sem einstakar svæðisbundnar menningarstofnanir hafa byggt upp, listaverk sem hafa staðbundnar skírskotanir vegna myndefnis, sögu verkanna eða listafólksins, o.s.frv.

- Tillögur um ráðstöfun verkanna yrðu gerðar í samráði við Listasafn Íslands. Er mælt með að umrædd listaverk verði boðin til láns söfnum sem viðurkennd eru af safnaráði skv. safnalögum nr. 106/2001; verkin væru síðan höfð til sýnis í útibúum bankans, í söfnum eða öðrum opinberum byggingum eftir nánara samkomulagi viðkomandi safna og bankans. Þannig væri tryggt að þessi verk verði aðgengileg þjóðinni eftir því sem við verður komið.

- Loks er lagt til að um þessi verk gildi sömu kvaðir og um verk í II. flokki, þ.e. að þeim verði ekki ráðstafað úr eign bankans án samráðs við Listasafn Íslands. **Þannig verði tryggt að þessi verk geti orðið þjóðareign síðar, ef aðstæður breytast.**

**Listaverk sem ekki falla í ofangreinda flokka eigi bankinn áfram og geti ráðstafað alfarið á eigin vegum.** Hér er um að ræða þau verk úr listasafni bankans, sem mælt er með að verði áfram í hans eigu og hann gæti nýtt hér eftir sem hingað til í starfsemi sinni, án kvaða.

- Ekki er fjallað nánar um þessi verk í skýrslunni.

Verði sú flokkun sem hér er lögð til samþykkt og náist samkomulag um hana sem grundvöll fyrir skiptingu listaverkæignar bankans yrði það síðan sameiginlegt verkefni Listasafns Íslands og bankans að semja um með hvaða hætti þeim niðurstöðum yrði fylgt eftir í náninni framtíð. Í slíku samkomulagi gæti m.a. falist að bankinn myndi um sinn varðveita mörg þeirra verka sem lagt er til að falli í I. flokk, þrátt fyrir að formlegt eignarhald yrði á hendi Listasafns Íslands. Einnig þyrftu þessir aðilar að undirbúa sameiginlegar tillögur um framtíð verka í III. flokki o.s.frv.

## Vinnuferli

Af fregnum má ráða að Nýi Kaupþing banki hf. færist á næstunni í hendur nýrra eigenda, þ.e. fulltrúa kröfuhafa gamla bankans. Því hefur verið lögð áhersla á að ljúka sem fyrst ofangreindri flokkun listaverka í eigu hans. Listasafn Íslands hefur skilað tillögum sínum um þessa flokkun til ráðuneytisins, og byggir þessi skýrsla á þeirri vinnu.

- Mati á listaverkæign Nýja Kaupþings banka hf. er því lokið, og er framsetning þess í samræmi við ofangreinda flokkun hér að aftan aðalefni skýrslunnar. Telst þessi skýrsla II. hluti heildarskýrslu um listfræðilegt mat á listaverkum Íslandsbanka hf., Nýja Kaupþings banka hf. og NBI hf.

Unnið er að listfræðilegu mati og flokkun listaverka í eigu NBI hf. og verður skýrslu um þá vinnu skilað til menntamálaráðherra um leið og henni verður lokið. Verkefninu verður flýtt eins og kostur er.



## Niðurstöður listfræðilegs mats – tillögur

Samkvæmt framlagðri skrá Nýja Kaupþings banka hf. eru alls 1238 listaverk og gripir í eigu hans.

Starfsmenn Listasafns Íslands hafa aðeins skoðað þau verk sem flokka má sem listaverk og eru skráð með númeri sem byrjar á **art\_** auk nokkurra verka sem eru ekki með númer. Í skrá bankans eru einnig listi yfir uppstoppaða fugla sem eru skráðir á númer sem byrja þau á **bird**. Loks hefur skráin að geyma ýmis konar ljósmyndir og byrja þær skráningar á **photo\_**.

- Starfsmenn Listasafns Íslands hafa ekki tekið afstöðu til þess hvað skuli gera við þessi verk, þ.e. umrædda fugla og ljósmyndir, og er því ekki fjallað um þau í þessari skýrslu.

Listfræðilegt mat á verkum í eigu bankans samkvæmt ofangreindri skrá er grundvöllur eftirfarandi tillögu um flokkun valdra verka. Alls nær hún til 397 verka, eða nær 32% skráðra listaverka og gripa í eigu bankans:

### I. flokkur: **Verk sem ættu að færast í þjóðareign og verða eign Listasafns Íslands:**

Hér er gerð tillaga um að samtals 192 listaverk eftir 71 listamann verði í þessum flokki. Um er að ræða 6 grafíkverk, 3 ljósmyndir, 80 málverk, 11 höggmyndir og skúlptúra, 1 textílverk og 91 verk á pappír (þar af 37 teikningar, 41 vatnslitaverk, 3 vaxlitaverk, 5 verk gerð með þekjulit, 3 samklipp og 2 verk með óþekktri tækni).  
- Sjá skrá yfir verkin í fylgiskjali nr. 1 (merkt með gulum lit).

### II. flokkur: **Verk sem bankinn ætti áfram en væru aðgengileg þjóðinni á opinberum vettvangi eða á sýningum eftir því sem við verður komið:**

Hér er gerð tillaga um að samtals 170 listaverk eftir 59 listamenn verði í þessum flokki. Um er að ræða 2 grafíkverk, 8 ljósmyndir, 1 mósaíkverk, 106 málverk, 10 höggmyndir og skúlptúra, 2 textílverk og 41 verk á pappír (þar af 7 teikningar, 27 vatnslitamyndir, 5 verk gerð með þekjulit, 1 samklipp og 1 verk unnið með blandaðri tækni).  
- Sjá skrá yfir verkin í fylgiskjali nr. 2 (merkt með bláum lit).

### III. flokkur: **Verk sem bankinn ætti áfram en gæti boðið menningarstofnunum hér á landi að láni, tímabundið eða ótímabundið:**

Hér er gerð tillaga um að samtals 29 verk verði í þessum flokki. Flest þeirra tengjast ákveðnum stöðum á landinu og því kann að vera áhugi á að umrædd verk verði til sýnis á þeim stöðum. Þá eru einnig í þessum flokki verk sem talin eru fölsuð og æskilegt væri að yrðu í framtíðinni í vörslu Listasafns Íslands.

- Sjá skrá yfir verkin í fylgiskjali nr. 3 (merkt með grænum lit).

Í samræmi við þær skilgreiningar sem áður eru fram komnar er einnig lagt til að að verkum í II. og III. flokki **verði ekki ráðstafað úr eign bankans án samráðs við Listasafn Íslands.**

**Loks er lagt til að listaverk sem ekki falla í ofangreinda þrjá flokka eigi bankinn áfram og geti ráðstafað alfarið á eigin vegum.**

### **Lokaorð**

Í þessari skýrslu er ekki gerð tilraun til verðmats á þeim listaverkum sem um hefur verið fjallað, enda var ekki óskað eftir slíku mati við skilgreiningu verkefnisins. Í gögnum bankans sjálfs er að finna upplýsingar um kaupverð eða annað mat á verðmætum viðkomandi verka, jafnframt því sem þar eru væntanlega einnig gögn um eigendasögu flestra listaverkanna. Slíkar upplýsingar eru trúnaðarupplýsingar milli bankans og fyrri eigenda verkanna, og hefur ekki verið óskað eftir þeim vegna þeirrar vinnu sem hefur farið fram við hið listrænt mat og flokkun verkanna. Hins vegar er eðlilegt að Listasafni Íslands verði láttnar í té allar upplýsingar um verk sem ákveðið verður að færast í þjóðareign þegar slík yfirfærsla á sér stað; safnið mun varðveita þær sem trúnaðarupplýsingar líkt og gildir um slíkar upplýsingar um núverandi safneign þess.

Starfsfólk Nýja Kaupþings banka hf. hefur brugðist vel við öllum óskum um upplýsingar sem gætu komið að notum við verkefnið, og er þakkað afar gott samstarf. Starfsfólki Listasafns Íslands eru jafnframt þökkuð sú mikla og vandaða vinna við listrænt mat listaverka sem það hefur að beiðni ráðuneytisins lagt í það verk sem lagt er fram í þessari skýrslu.

Frekari afgreiðsla þessa máls er í höndum menntamálaráðherra.

## Fylgiskjal nr. 1

### I. flokkur – 192 verk

| Banki-nr | Listamaður                     | Heiti verks                   | Ártal      | Gerð       | Stærð   |
|----------|--------------------------------|-------------------------------|------------|------------|---------|
| art_9007 | Nína Tryggvadóttir             | Land í hnotskurn              | 1940-41    | olía       | 45x70   |
| art_9008 | Snorri Arinbjarnar             | Sunnudagssíðdegi í Norðurmyri |            | olía       | 75 x 80 |
| art_9014 | Þorvaldur Skúlason             | Fletir                        | 1963       | olía       | 65x50   |
| art_9020 | Snorri Arinbjarnar             | Gata í Reykjavík              |            | vatnsl     | 40 x 35 |
| art_9028 | Einar Þorláksson               | Blár Himinn                   | 1980       | þekj       | 60x50   |
| art_9034 | Snorri Arinbjarnar             | Vífilsfell                    |            | vatnsl     | 40x35   |
| art_9041 | Einar Þorláksson               | Nótt                          |            | vatnsl     | 40x30   |
| art_9042 | Snorri Arinbjarnar             | Sjómenn og net                |            | vatnsl     | 30x22   |
| art_9043 | Þorvaldur Skúlason             |                               | 1953       |            | 48x38   |
| art_9072 | Snorri Arinbjarnar             | Kauptún                       | 1949       | vatnsl     | 28x40   |
| art_9075 | Ragnheiður Jónsdóttir<br>Ream  | Kvöldsól                      |            | teikn krít | 54x68   |
| art_9090 | Kristján Davíðsson             | Litasinfónía                  | 1969       | olía       | 160x160 |
| art_9097 | Jóhannes<br>Jóhannesson        | Baugar                        | 1990       | olía       | 80x80   |
| art_9101 | Svavar Guðnason                | Blikar við sólarlag           |            |            | 122x400 |
| art_9102 | Þorvaldur Skúlason             | Án titils                     | 1978       | olía       | 55x45   |
| art_9104 | Jóhanna Kristín<br>Yngvadóttir | Mansöngur                     | 1985       | olía       | 120x80  |
| art_9108 | Einar Hákonarson               | Vetur                         | 1983       | olía       | 70x80   |
| art_9109 | Jóhann Briem                   | Kýr í haga                    | 1976       | olía       | 115x150 |
| art_9112 | Sveinn Björnsson               | Madonna                       | 1968       | olía       | 110x110 |
| art_9115 | Jóhannes Kjarval               | Vor í fjöllum                 |            | olía       | 105x155 |
| art_9116 | Jóhannes Kjarval               | Rofabarð                      |            | olía       | 85x132  |
| art_9122 | Snorri Arinbjarnar             | Í dal                         | um<br>1940 | olía       | 95x109  |
| art_9125 | Svavar Guðnason                | Án titils                     |            | olía       | 115x90  |
| art_9126 | Júlíana Sveinsdóttir           |                               |            | olía       | 55x50   |
| art_9127 | Snorri Arinbjarnar             | Sjálfsmynd                    | 1930       | olía       | 45x45   |
| art_9128 | Jón Engilberts                 | Blik af lífi                  | 1948       | vatnsl     | 70x105  |
| art_9130 | Snorri Arinbjarnar             | Í suðri                       |            | vatnsl     | 60x52   |
| art_9131 | Snorri Arinbjarnar             | Úr Þjorsárdal                 |            | vatnsl     | 40x34   |
| art_9133 | Júlíana Sveinsdóttir           | Frá Þingvöllum                | 1946       | olía       | 45x65   |
| art_9135 | Þorvaldur Skúlason             | Eldur yfir Akur               | 1978       | olía       | 90x80   |
| art_9146 | Jóhannes Kjarval               | Blátt hraun                   | 1937       | olía       | 90x70   |
| art_9148 | Emil Thoroddsen                | Vegurinn                      |            | olía       | 45x65   |
| art_9172 | Þorvaldur Skúlason             | Án titils                     | 1978-79    | olía       | 110x80  |
| art_9181 | Snorri Arinbjarnar             | Sjómenn                       |            | vatnsl     | 33x40   |
| art_9185 | Veturliði Gunnarsson           | (landslag og bátar)           |            | vatnsl     | 54x68   |
| art_9198 | Snorri Arinbjarnar             | Í sjávarþorpi                 | 1950       | vatnsl     | 22x29   |
| art_9200 | Bragi Ásgeirsson               | Drottning næturinnar          |            | olía       | 48x35   |
| art_9213 | Eyborg<br>Guðmundsdóttir       | Tveir hringir á rauðu         | 1974       | olía       | 95x130  |
| art_9236 | Jón Stefánsson                 | Án titils                     | um<br>1922 | olía       | 56x54   |

| Banki-nr | Listamaður                | Heiti verks                              | Ártal      | Gerð       | Stærð     |
|----------|---------------------------|--|------------|------------|-----------|
| art_9253 | Snorri Arinbjarnar        | Úr slippnum                              |            | vatnsl     | 40x35     |
| art_9255 | Karl Kvaran               | Án titils                                |            | þekj       | 85x45     |
| art_9273 | Helgi Þorgils Friðjónsson | Stór steinn og Búrfell stendur á bakhlið | 1992       | olía       | 43x51     |
| art_9280 | Gísli Jónsson             | Esjan og sundin                          |            | olía       | 55x110    |
| art_9289 | Kristín Jónsdóttir        | Mælifell í Skagafirði                    | 1920       | olía       | 77x106    |
| art_9313 | Magnús Kjartansson        | Án titils                                | 1972       | olía       | 107x65    |
| art_9327 | Þorgerður Sigurðardóttir  | Salve Regina                             | 1994       | graf       | 60x100    |
| art_9332 | Jón Engilberts            | Án titils                                | 1940       | olía       | 95x75     |
| art_9336 | Guðrún Tryggvadóttir      | Skógarguðinn Pam                         | 1993       | olía       | 350x172   |
| art_9337 | Magnús Kjartansson        | Gróðurlýsing                             | 1969       | olía       | 95x85     |
| art_9340 | Jóhann Briem              | Trönur og menn                           | 1934       | olía       | 30x24     |
| art_9344 | Snorri Arinbjarnar        | Hús                                      |            | vatnsl     | 40x55     |
| art_9352 | Kristbergur Ó. Pétursson  |  | 1987       | graf       | 68x100    |
| art_9359 | Þórarinn B Þorláksson     | Án titils                                | um<br>1890 | teikn      | 25x38     |
| art_9361 | Gunnlaugur Blöndal        | Frá Vestmannaeyjahöfn                    |            | vatnsl     | 55x75     |
| art_9398 | Erró                      | Mammonía                                 | 1983       | olía       | 96x89     |
| art_9401 | Hafsteinn Austmann        | Litatónar                                | 1987       | vatnsl     | 60x42     |
| art_9412 | Guðmunda Andrésdóttir     |  | 1992       | olía       | 64,5x55,5 |
| art_9423 | Jón Þorleifsson           | Öxarárfoss                               |            |            | 92x38     |
| art_9425 | Jón Þorleifsson           |  |            |            | 51x62     |
| art_9426 | Jón Þorleifsson           | Flosagjáardjúp                           | 1940       |            | 62x52     |
| art_9427 | Magnús Tómasson           | Án titils                                |            | olía       | 140x200   |
| art_9431 | Hulda Hákon               | Eldur                                    |            | akryl      | 75x75     |
| art_9441 | Karl Kvaran               | 11 alda lífsbarátta þjóðarinnar          | 1974       | olía       | 150x110   |
| art_9447 | Gunnlaugur Scheving       | Gamall maður með barn                    |            | vatnsl     | 28x33     |
| art_9448 | Svavar Guðnason           | Án titils                                |            | teikn vax  | 25x32     |
| art_9487 | Birgir Snæbjörn Birgisson | (drengur og hestur við foss)             | 1995       | olía       | 160x130   |
| art_9513 | Sigurður Örylgsson        | Þjóðarbúskapur                           | 1980       | olía       | 145x104   |
| art_9561 | Gunnar S Magnússon        | Spænsk stúlka                            | 1950       | teikn krít | 72x60     |
| art_9591 | Karl Kvaran               | Án titils                                |            | þekj       | 128x90    |
| art_9594 | Jóhannes Kjarval          | Keldunúpur                               | 1946       | olía       | 81x64     |
| art_9597 | Jón Axel Björnsson        |  | 1994       | vatnsl     | 25x33     |
| art_9598 | Jón Axel Björnsson        | Án titils                                | 1995       | vatnsl     | 30x40     |
| art_9600 | Jón Axel Björnsson        | Án titils                                | 1990       | vatnsl     | 17x24     |
| art_9608 | Jóhannes Kjarval          | Dyrfjöll                                 | 1934       | olía       | 30x50     |
| art_9611 | Þórarinn B Þorláksson     | Flosagjá                                 | 1905       | olía       | 45,4x59   |
| art_9617 | Ásgerður Búadóttir        | Haustskógar                              |            | textíl     | 107x174   |
| art_9625 | Gunnar S Magnússon        | Madam                                    | 1950       | olía       | 64,5x50   |
| art_9651 | Svavar Guðnason           | Fabeldýr                                 | 1945       | teikn krít | 45x59     |

| Banki-nr  | Listamaður                   | Heiti verks             | Ártal      | Gerð       | Stærð     |
|-----------|------------------------------|-------------------------|------------|------------|-----------|
| art_9652  | Svavar Guðnason              | Án titils               |            | vaxlitur   | 29x37,5   |
| art_9653  | Svavar Guðnason              | Án titils               |            | vaxlitur   | 36x29     |
| art_9698  | Þórarinn B Þorláksson        |                         | 1906       | olía       | 14x26     |
| art_9715  | Þorvaldur Skúlason           | Án titils               | um<br>1939 | vatnsl     | 65x50     |
| art_9760  | Alfreð Flóki                 | Esekiel                 | 1963       | teikn krít | 138x108   |
| art_9769  | Emil Thoroddsen              |                         | 1916       | vatnsl     | 24,5x21   |
| art_9773  | Gunnlaugur Scheving          | Sofandi Dregur          |            | olía       | 54,5x48,5 |
| art_9780  | Þorbjörg<br>Höskuldsdóttir   | Lómagnúpur              | 1992       | olía       | 150x200   |
| art_9781  | Hulda Vilhjálmsdóttir        | Ferð á hálendi          | 1999       | olía       | 91,5x91   |
| art_9801  | Snorri Arinbjarnar           |                         |            | olía       | 75x85     |
| art_9803  | Bragi Ásgeirsson             |                         | 1956       | graf       | 70x44     |
| art_9804  | Bragi Ásgeirsson             |                         | 1956       | graf       | 78x40     |
| art_9808  | Snorri Arinbjarnar           |                         |            | vatnsl     | 38x33     |
| art_9811  | Snorri Arinbjarnar           |                         | 1928       | vatnsl     | 29,5x23   |
| art_9820  | Jón Óskar                    | Án titils               |            | olía       | 60x86     |
| art_9825  | Þorvaldur Skúlason           |                         | 1968       | graf       | 35x42     |
| art_9826  | Þorvaldur Skúlason           |                         |            | samkl      | 23x18     |
| art_9827  | Georg Guðni                  |                         | 1994       | olía       | 55x45     |
| art_9828  | Tumi Magnússon               | Pipar og bensín         |            | olía       | 35x30     |
| art_9833  | Helgi Þorgils<br>Friðjónsson | Heilög fjölskylda       | 1993       | olía       | 140x120   |
| art_9835  | Svavar Guðnason              | Án titils               | 1939       | olía       | 100x80    |
| art_9838  | Sigurjón Ólafsson            | Verkamaðurinn           | 1942       | leir       | 70cm      |
| art_9853  | Kristján Magnússon           | Hrafnabjörg             | 1932       |            |           |
| art_9860  | Erró                         | (Úlfar og menn berjast) |            | olía       | 65x95     |
| art_9861  | Jóhannes<br>Jóhannesson      | Án titils               | 1980       | vatnsl     | 70x57     |
| art_9876  | Þorvaldur Skúlason           | Án titils               | 1976       | olía       | 130x96    |
| art_9896  | Sigurður Örylgsson           |                         | 1973       | akryl      | 81x45     |
| art_9907  | Guðmundur Einarsson          | Brennisteinsöldur       | 1931       | olía       | 67x92     |
| art_9925  | Þorbjörg<br>Höskuldsdóttir   | Landslag                | 1989       | olía       | 130x120   |
| art_9934  | Jóhann Briem                 | Kona við glugga         | 1943       | olía       | 80x120,5  |
| art_9946  | Nína Tryggvadóttir           | Ægisgarður í Reykjavík  | 1939-40    | olía       | 78x64     |
| art_10013 | Þorvaldur Skúlason           | Án titils               | 1977-78    | vatnsl     | 33x46     |
| art_10016 | Jóhannes<br>Jóhannesson      | Án titils               |            | vatnsl     | 35x46     |
| art_10034 | Valtýr Pétursson             |                         | 1951       | þekj       | 45x37     |
| art_10038 | Valtýr Pétursson             | Án titils               |            | vatnsl     | 28x21     |
| art_10039 | Valtýr Pétursson             |                         |            | vatnsl     | 28x21     |
| art_10040 | Valtýr Pétursson             |                         |            | vatnsl     | 28x21     |
